

Alþingi,  
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur,  
[sigrunhelga@althingi.is](mailto:sigrunhelga@althingi.is)

Reykjavík, 27. október 2021

## Efni: Viðbrögð og skýringar Rúnars Björns Herrera Þorkelssonar

Ég vísa til tölvupóstar þíns frá í dag. Meðfylgjandi honum voru viðbrögð og skýringar kæranda vegna kæru hans í tengslum við framkvæmd kosninga á kjördag í síðustu Alþingiskosningum. Óskað var eftir viðbrögðum yfirkjörstjórnar.

Fyrirtækið Sýningakerfi hefur það verkefni með höndum að setja upp kjördeildir á kjörstöðum fyrir kjördag samkvæmt fyrirmælum kjörstjórnar og starfsmanna hennar. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu voru kjörklefar í Borgarbókasafninu í Kringlunni ekki settir upp með öðrum hætti en aðrir kjörklefar í Reykjavík en skilrúm í Kringlunni voru þó hærri, sbr. fyrri athugasemdir. Vettvangsathuganir yfirkjörstjórnarmanna á kjörstöðum á kjördag leiddu heldur ekki í ljós neitt misræmi sem gaf tilefni til einhverra athugasemda hvað framangreint varðar.

Þegar kjörklefi fyrir kjósendur í hjólastól snýr að einhverskonar almenningi eða glugga er settur upp aukalegur veggur. Í tilfalli þessa klefa átti ekki að vera nein umferð þarna um. Þegar komið er inn í bókasafnið í Kringlunni er kjördeild á hægri hönd þar sem bætt var við vegg í bakið (fyrir kjördag) vegna ábendinga um að starfsfólk bókasafnins myndi eiga leið þar um. Í kjördeildinni á vinstri hönd átti ekki að vera hægt að ganga fyrir aftan kjósanda nema hreinlega með einhverjum einbeittum brotavilja. Það hefði starfsfólk kjörstaðarins að sjálfsögðu átt að stöðva og bakveggur hefði engu breytt um það.

Varðandi þá teikningu sem fylgdi fyrri svari þá sýnir hún hæð þeirra veggja sem settir voru upp sem útilokað má telja að venjulegt fólk hafi getað séð yfir. Öðrum teikningum er því miður ekki til að dreifa né ljósmyndum af uppsetningu á þessum tiltekna kjörstað.

Tjöld hafa aldrei verið fyrir kjörklefum fyrir kjósendur í hjólastólum, eftir því sem yfirkjörstjórn best veit. Í staðinn er þeim snúið 90° á hlið eins og tilgreint var í fyrri bréfi. Yfirkjörstjórn veit ekki til þess að undan þessu fyrirkomulagi hafi verið kvartað áður. Í gegnum tíðina hafa hins vegar ýmsar ábendingar borist um ýmis aðgengis- og aðstöðumál fatlaðra við kosningar. Þannig hafa verið gerðar athugasemdir um að t.d. borð í kjörklefa séu of há eða of lág sem og að klefar séu

of litlir fyrir stærstu gerð hjólastóla. Brugðist hefur verið við þessum ábendingum eftir bestu getu. Sama gildir um þá kvörtun sem kærandi ber fram, sjálfsagt er að endurskoða hvort tjöld séu höfð fyrir kjörklefum sem ætlaðir eru fólki með fötlun og sjálfsagt er jafnframt að hafa samráð við þá endurskoðun við hagsmunatök fatlaðs fólks. Það mun koma í hlut nýrrar yfirkjörstjórnar í samstarfi við aðra þá sem koma að framkvæmd kosninga að ráða fram úr þessum atriðum og öðrum sem e.t.v. gefa tilefni til breyttrar framkvæmdar.

Á hinn bóginn heldur yfirkjörstjórn fast við þá afstöðu sem lýst var í fyrra bréfi að fyrirkomulagið varðandi kjörklefa fyrir fólk með fötlun sem notast var við fer ekki gegn neinum áskilnaði í lögum nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis. Uppsetning kjörklefa og aðstaða allra kjósenda við kosningu var með þeim hætti að kjósandi gat gætt leyndar um kosningu sína.

Yfirkjörstjórn tekur sem fyrr ekki afstöðu til fullyrðingar kæranda um að ónefndur einstaklingur hafi gengið framhjá kjörklefanum. Til þess hefur kjörstjórnin engar forsendur. Þótt fullyrðing kæranda um þetta væri lögð til grundvallar jafngildir það ekki því að kosningarnar hafi ekki verið leynilegar. Langlíklegasta skýringin á þessari upplifun kæranda, eins og hann bendir sjálfur á í svari sínu, væri að um hefði verið að ræða kjörstjórnarmanneskju, t.a.m. tilsjónarmann, sem hefur einmitt það hlutverk að gæta þess að umferð um kjördeildina sé með tilhlýðilegum hætti og fólk hafi ekki tók á að reyna að njósna um kjósendur.

Hvað varðar það sem fram kemur í 4. tölulið bréfsins er rétt að geta þess að þegar kjósandi þarf aðstoð við kosningu er kjördeildinni lokað á meðan aðstoðin er veitt, því er enginn viðstaddur kosningu hans nema kjörstjórnarfólk sem er að sjálfsögðu bundið trúnaði um allt sem það kann að verða áskynja og eðlilegt er að trúnaður gildi um, sbr. t.d. 86. gr. laga nr. 24/2000.

Virðingarfyllst,  
f.h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar

  
Heimir Örn Herbertsson